

Magnús Jónsson - lögmaður

Written by Strandagaldur

Friday, 11 November 2005 10:14

Magnús Jónsson (1642-1694) var kominn í beinan karlegg frá Magnúsi prúða. Hann stundaði m.a. nám í Hollandi en kom heim 1662 og varð sama ár sýslumaður í Strandasýslu. Hann varð lögmaður 1679 og síðar sýslumaður í Dala-, Snæfells- og Hnappadalssýslum. Hann bjó lengst af á Reykhólum og þótti héraðsríkur höfðingi en lagamaður góður.

Hann dæmdi m.a. mál þeirra Sigmundar Valgarðssonar og Eyjólfssonar úr Trékyllisvík 1670.